# Bréfabók bæjarfulltrúa 1856-1862

## Aðfnr. 193, 4. hluti

Bréfabók bæjarfulltrúa 1859


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# 1858 & 1859

| | Mánaðardagur |
|---|---|

30. f. m. að búa ~~til~~ gjörð gjöra götu í Ingólfsbrekku.

Vjer höfum íhugað mál þetta, og rætt það með oss á fundi, en sjáum engan veg til að leggja neitt fje til þeirrar götu þetta árið, en með því vjer játum, að þörf er á götunni, munum vjer hafa tillit til hennar við Tamningu áætlunarinnar næsta.

~~Hdt.~~ J. Guðm. P. Pjetursson. H. St. Johnsen. Th. Johnsen. J. Þórðar. Brjefið endursendist.

# 1 8 5 9

## № 1.

10. jan. 59 til Bæjarfógeta

Á fundi í dag bæjarfulltrúanna í dag var eg undirskrifaður kosinn til oddvita þeirra fyrir árið sem yfir stendur; en til vara-oddvita var kjörinn Kaupmaður Þorst. Johnsen; — frá þessu leyfi eg mér að skýra yður, herra kanselíráð! hér með.

Jón Guðmundsson

## № 2

1. d. til Kirkjuþ?

Með bréfi dagsettu í dag hafið þér, herra kanselíráð sent bæjarfulltrúunum til álita, bréf dags. 16. okt. f. á. frá Kristjönu Ólafsdóttur, ekkju eftir Eyjólf heitinn Einarsson erdramaðr, dáinn 10. apr. f. á., þar sem hún biður uppgjafar á bæjarútsvari því er manni hennar var gjört fyrir næstl. ár, eða hennar á því, en það var að upphæð 3rd 48ß

Vér höfum rætt þetta mál í dag á fundi og er samhuga álit vort, að ekkjunni Kristjönu Ólafsdóttur, eptir því sem ástæður hennar nú eru, beri ~~ætti~~ að eptirgefa af téðu bæjargjaldi 2rd, með því skilyrði, að hún greiði tafarlaust, í bæjarsjóð, hina 1rd 48ß

Skjalið endrsendist hér með

1. d. til sama

Hér með skýri eg frá því herra kanselíráð, að bæjarfulltrúa herra Jóni Þórðarsyni er falin umsjón með bæjarverkum þenna mánuð sem yfir stendur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Datum | 1859

Til Bæjarfógetans 5. febr.

No 4

Þér hafið, herra kanselíráð! afhent oss til álitsumsagnar úr bæjarsjóði, reikning frá Lifsala Randrup, að upphæð 1rd 2 m 10 s, fyrir baðlyf handa kláðafé einstöku bæjarbúa.

Vér þekkjum nú að vísu eigi reglur þær sem yfirvöldin hafa sett á hvorraudi það hverjir skuli bera kostnað fyrir kláðalyfin og til lækninganna á fjárkláðanum, því oss hefir ekkert verið auglýst eða vitað um það efni, en hins vegar er ~~það~~ í almæli að svo sé lagt fyrir af yfirvöldunum, ~~að þær~~ sem einnig er næsta eðlilegt, að fjáreigendr eigi sjálfir að endrgjalda lyf þau og annan aukakostnað er gengi til að lækna kláðafé þeirra, þó að sveitasjóðirnir leggi út fyrirfram borgun fyrir sjálf lyfin.

Samkvæmt þessu varð það, ~~að~~ á fundi í dag að samhuga áliti vor bæjarfulltrúanna um þann reikning er hér ræðir um, að upphæð hans skyldi að vísu á vísa úr bæjarsjóði fyrir fram, ~~en þar~~ og fylgir hann hér hjá; ~~en þar~~ framt skyldum vér leyfa oss að fela yðr, herra kanselíráð! og biðja að þér bendið þeim til um að fjáreigendrnir er lyfin þessi hafa orðið aðnjótandi, endrgildi, á manntalsþingi í vor, ekki aðeins

| | |
|---|---|
| þessa er hér ræðir um, heldr einnig þá | 1rd 2m 10s |
| er í sömu nótum voru ávísaðir úr bæjarsjóði 25 sept. f. á. Jóni tómthúsmanni Arnarsyni í Ofanleyti | 1rd 12s |
| Samtals | 1rd 4m 6s |

Til sama s.d.

No 5

Skólakennara hr. M. Kr. Friðrikssyni er falin umsjón bæjarverkanna þenna yfirstandandi mánuð.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1859

Datum

Til Bæjarfógetans 5. febr.

## Nº 6.

Med heidrudu bréfi 31. f.m. hafid þér herra Cansellíráð sent oss bæjarfulltrúunum til álita bréf Stiptamtsins frá 29. s.m. en í því bréfi æskir Stiptamtid skýringar af hendi ydar og bæjarfulltrúanna áhrærandi þá kæru frá bæjarfulltrúanum, yfirdómara Jóni Péturssyni, 25. s.m. er einnig fylgdi, og ber hann sig í þessari kæru upp undan kosningu þeirri á oddvita og varaoddvita bæjarfulltrúanna þetta ár, er framfór 10. f.m., hverja kosningu hann álítr ólöglega, (og beidist því af Stiptamtinu, ad þad leggi fyrir nýja kosningu á formanni og varaformanni bæjarfulltrúanna á löglega saman kölludum fundi þeirra o. s. frv.

Vér höfum yfirvegad þetta mál og rætt þad med oss á fundi af nýju, því fyr var þad rætt á fundi 22. þ.m., er herra Jón Pétursson þá hreifdi því, og krafdist þessarar sömu kosningar af nýju, en þeirri kröfu hans var þá hrundid med 4 atkvædum gegn 2, og leyfum vér oss ad segja upp álit vort um málid á þessa leid:

Eptir straungu formi kynni þad í fljótu máli ad virdast réttara, ad varaoddvitinn, sem var 1858, hefdi bodid til þessa næsta fundar eptir nýár, sem lögskipad er um, ad á honum eigi kosning oddvita og varaoddvita ad framfara, heldur en herra skólakennari H. Kr. Fridriksson gjördi þad, þar sem ad vera bæjarfulltrúa starf hans var ad lögum á enda med lokum ársins 1858, og þá einnig formannsstarf hans. En med því ekki lidu meir, en 2 dagar af nýja árinu, þar til hann var löglega endurkosinn til bæjarfulltrúa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1859

Datum

nýtt á kjörþingi 2. þ.m., er hann færðist ekki undan að þyggja þá kosningu, þá virðist reyndar mega álíta svo, að réttur hans sem oddvita frá fyrra ári til þess að kalla fulltrúana á fund til kosninga á nýjum oddvita o.s.frv. hafi aldrei slitnað og síst svo, að þessi helbera boðun hans til fundar, geti gjört fundinn, er þar á var byggður, ólöglegan, eða án juridiskrar þýðingar, og allt ónýtt er á fundinum gjördist, allrasíst, þegar enginn fulltrúanna mótmælti fundarhaldi þessu þegar í stað af slíkum ástæðum, en það gjörði hvorki herra Jón Pétursson, né neinn annar fulltrúanna; þess ber, að oss virðist, vel að gæta hérvið, að kosning hvers vara-oddvita, sem er, hún er líka á enda, og þau störf og skyldur, er á honum hvíla, með lokum hvers árs; ef formaður hins næstliðna árs, er genginn burt úr fulltrúanefndinni, eða er forfallaður, þá hefir varaoddvitinn, en þótt eigi starfi hans sé þá lokið, rétt til, og er skylt að kalla fulltrúana saman til þess að kjósa formann og varaformann fyrir hið byrjaða ár, en þegar að þessari kosningu kom í þ.m., sem hér ræðir um, þá var formaðurinn frá fyrra ári, en sem fyrri, í flokki bæjarfulltrúanna; hann var og eigi forfallaður, eins og sýndi sig, því hann boðaði til fundarins sjálfkrafa, eður án þess að skora um það á varaoddvitann frá f. ári, og oss fjórum Th. Johnsen, H. St. Johnsen, Jóni Guðmundssyni og Jóni Þórðarsyni, gat því ekki blandast hugur á, að hlýðnast herra H. Kr. Friðrikssyni að því, að gangast undir að koma á þennan fund, því síður sem vér vissum allir, að ekkert yrði þar löglega gjört eða ákveðið fyrr en einmitt hin lögskipaða kosning á oddvita og vara-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

oddvita fyrir byrjada nýja ár væri afgengin á þessum fyrsta fundi fulltrúanna á árinu 1859.
En þó að nú sú skodun allt um það þætti liggja nær, að eptir strangri formi mundi það hafa verið réttara, að varaoddvitinn frá f. ári hefdi bodað til fundarins, heldur en hinn fyrri oddviti, þá verda samt allir að játa, að slíkur formbrestur sé mjög óverulegur í sjálfu sér, eptir því, sem hér stód á, og verdi enn óverulegri og þýdingarminni fyrir það, að enginn fulltrúanna hreifdi mótmælum gegn þessu. Slíkum formbresti, þó hann væri svo skodadur, væri því gefin helst til ofmikil og veruleg þýding, ef allt, sem gjördist á þessum fundi, 10. f. m. skyldi verda álitið ólöglegt og marklaust, eins og herra Jón Pétursson nú fer fram á. Svo virdist og, sem þar með væri dróttad að hinum fyrverandi formanni því "taktleysi" eda afglöpum í formannsstörfum, sem hann síst mundi vilja vera fundinn að. Og hvad því vidvíkur, að Stiptamtid hafi ekki verid búid að samþykkja kosningu hans til bæjarfulltrúa, þá gat hér, þar sem engri kæru eda mótmælum hafdi verið hreift gegn þeirri kosningu, en skólakennari herra H. Kr. Fridrikssonar persónulegu hæfilegleikum til bæjarfulltrúa bædi notoriskir og vidurkenndir um næstl. 6 ár, aldrei rekid að því, að amtid færi að beita því valdi, sem háyfirvaldinu er heimilað í 12. gr. bæjarstjórnarlaganna: að ógilda kosningu hans fyrst um sinn.
En það, sem að voru áliti ríður baggamuninn í þessu máli, og virdist einkum eiga að ráda úrslitum þess, er það atridid, sem einmitt herra Jón Pétursson tekur sjálfur fram í kæruskjali, sem og segir, að geti gjört þýdingarlausan þann formbrest, sem hér hafi átt sér stad, eptir hans skodun, nefnil.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þetta: "Að allir bæjarfulltrúarnir, kærandi einn
og aðrir, urðu á það sáttir, að setja fundinn
10. januar þ. árs, eins og til hans var boðið af
herra H. Kr. Friðrikssyni. Hann lèt boð-
svein fulltrúanna bera um kring milli þeirra
hinn vanalega fundarseðil, í vanalegu formi,
þar allir hinir fulltrúarnir eru nafngreindir
nefndir undir, og þó mótmælti herra Jón Pèt-
ursson ekki þessu fundarhaldi á neinn hátt;
að minnsta kosti fór svo fjarri, að herra H. Kr.
Friðriksson vissi neitt af slíkum mótmælum
að segja, af hendi herra Jóns Pèturssonar,
að hann þvert á móti, eptir samkomulagi
vor allra fjögra, er á fund komum, frestaði
að taka til fundarstarfa allt að því ½ tíma,
og þegar boðsveinn fulltrúanna var um
það leyti sendur upp í hús herra J. Pèturssonar
til að fá svar á eða af um það, hvort
hann gæti komið á fundinn eður eigi – allir
vèr urðum að álíta víst, að hann hefði ætl-
að sèr að koma – þá færði boðsveinninn það
svar til baka, frá herra Jóni Pèturssyni, að
að hann treysti sèr ekki, eða vildi ekki hrekja
sig á fundinn, í því illviðri, er þá væri, og
illveður var þá reyndar talsvert.

Þar sem því hra Jón Pètursson
í síðasta kafla kæruskjalsins, segir svo berlega
að því, að honum hafi verið meinað eða settið í
ljósi með að neyta rèttar síns til að kjósa odd-
vita o. s. frv. á téðum fundi, þá vonum vèr
allir sjái, að þetta er annaðhvort ranghermt,
eða byggt á hártogan einni eða misskilningi;
hefði hann hreift mótmælum skriflegum eða
munnlegum, fyrir sjálfum þessum fundi gegn ó-
lögmæti hans, af þeim ástæðum eða fyrirbárum,
er hann vill nú byggja á, en fundurinn hefði
allt um það traðkað þeim mótmælum, eða
ekki sinnt þeim að neinu, þá hefði herra Jón
Pètursson að vísu haft nokkra ástæðu til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

at kvarta yfir, að kosningarrètti sjálfs hans hefði þar með verið hallað, en nú virðist hann alls enga ástæðu að hafa til þessa, úr því hann, í stað þess, að mótmæla lögmæti fundarins þegar í stað, einmitt samþykkti hann í raun og rèttu, eins og hann var boðaður, með því að heita að koma, og með því að bera ekki neitt annað fyrir til undanfærslu frá að kom, heldur en illviðrið.

Með því þannig að samþykkja þann fyrsta ársfund bæjarfulltrúanna, eins og hann var boðaður og samankallaður af herra skólakennara H. Kr. Friðrikssyni, þá hefir hann og þannig, að voru áliti, samþykkt þá kosningu oddvita og varaoddvita bæjarfulltrúanna, sem gjörðist eins og lögákveðið er á þessum fyrsta fundi fulltrúanna á hinu nýbyrjaða ári. Honum var gefinn formlegur kostur á, hvort heldur hann vildi að mótmæla lögmæti fundarhaldsins, eða neita rèttar síns að kjósa oddvita o. s. frv.; hann gjörði hvorugt, rètti hans hefir því að engu verið hallað, en þó hann hafi síðar sèð sig um hönd, þá verðum vèr að álíta, að slíkt sè nú um seinan, og að þetta út af fyrir sig, eða það, þó að kosningin rèðist máske eigi eptir hans geði, eigi ekki að ráða úrslitum í þessu máli, eða megi gjöra Oddvitakosninguna 10. janúar þessa árs ógilda eða ólöglega.

Það var og margt fleira af bæjarstjórnarstörfum, er gjörðist í þessum sama fulltrúafundi, eptir að kosning þessi var afgengin, sè hún ólögleg og ógild, þá virðist oss og, að allt hitt, er á fundi þessum gjörðist, hljóti að verða með sama marki brennt, hafi sjálfur fundurinn frá upphafi verið ólöglega boðaður, og sè þessvegna sjálfur án juridiskrar þýðingar.

Til sannindamerkis um, að kosning oddvita og varaoddvita fram fór strax í upp-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafi fundarins 10. janúar þ. árs, og óðar en kvödd
var til annara starfa, leyfum vér oss, að leggja hér
við útskript af gjörðarbók bæjarfulltrúanna,
innihaldandi upphaf fundarins 10. janúar þ. árs.

Jeg með undirskrifaður skólakennari
H. Kr. Friðriksson játa, að þegar jeg
kallaði bæjarfulltrúana saman til fundar hinn
10. f. m., hugsaði jeg ekkert út í það, að fulltrúa-
dómi mitt þetta árið, eigi er á framhald af full-
trúadómi mínu árin 1854–1858, heldur væri jeg
nýr fulltrúi, enda styrktist jeg í þessu athugaleysi
við orð þau, er varaoddvitinn hafði við mig
rétt eptir kosningarfundinn hinn 3. f. m., sem
hann taldi það sjálfsagt, að jeg sem formaður
að undanförnu, kallaði bæjarfulltrúana til fund-
ar í fyrsta skiptið þetta árið. En við að hug-
sa um þetta mál, er jeg kominn til þeirrar
sannfæringar, að kæra assessors Jón Pjeturssonar
sje að öllu leyti juridisk á rökum byggð,
og að það var varaoddvitinn herra málaflutn-
ingsmaður Jón Guðmundsson, sem að rétttu
lagi átti að stefna bæjarfulltrúunum til
fundar í fyrsta skiptið þetta árið, og að að-
gjörðir fulltrúanna 10. dag janúarmánaðar
þ. árs, geta því aðeins haft gildi, að allir full-
trúarnir hefðu verið einhuga í því, að svo skyldi
vera, því að forstöðumennsku mitt var á enda við
árslokin, er jeg sleppti fulltrúastörfum þeim,
er mér voru í hendur falin, er jeg var kosinn
fulltrúi í byrjun ársins 1854, og þótt jeg nú
væri endurkosinn, átti jeg þar fyrir eigi að
gegna neinum forstöðustörfum, því að að öðr-
um kosti hefði jeg verið með kosningunni til
bæjarfulltrúa, einnig kosinn oddviti fulltrú-
anna þetta árið. Að öðru leyti óska jeg fyrir mitt
leyti engrar endurkosningar á oddvita og vara-
oddvita.

Skjölin er fylgdu endursendast hér-
með.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1859

Datum

## No. 7.

Til Bæjarfógetans 19. febr.

Samkvæmt amtsbréfi 11. þ. m., er þér herra kanselíráð! auglýstuð bæjarfulltrúunum með heiðruðu bréfi daginn eptir, var á fundi vorum 19. þ. m. gengið til nýrra kosninga á oddvita og varaoddvita, og áskildu þó 4 fulltrúanna sér jafnframt til bókar, að bera þennan úrskurð Stiptamtsins undir hlutaðeigenda ráðherra.

Til oddvita var nú kosinn H. St. Jóhnsen og eg, með 3 atkvæðum hvor okkar, og af því bæjarstjórnarlöggjöfin ráðgjörir ekki, að svona kunni að fara með kosningu oddvita, eða að tveir hljóti jafnmörg atkvæði, né ákveði neitt um það, hvernig þá skuli að fara, þá varð meiri hluti þeirra 5 fulltrúanna (eg greiddi eigi atkvæði um) á því máli, að hér ætti miður við að láta hlutkesti ráða, líkt og þegar 2 bæjarfulltrúar hljóta jöfn atkvæði (bæjarst. tilsk. § 10), heldur væri réttast og eðlilegast að fara hér eptir fyrirmælum alþingis tilskipunarinnar § 48 og 65; 1. atr. og láta aldur ráða hér úrslitum, og þar eð þar að auki var með þessu síðara atkvæði bæjarfulltrúanna ó beinlínis kosið upp aptur milli okkar beggja, er jafnmörg hlutum atkvæðin, þá varð meiri hluti bæjarfulltrúafundarinnar að komast að þeirri niðurstöðu, að eg, sem eldri, heldur en herra H. St. Johnsen, væri þanniginnig á þessum síðara fundi 19. þ. m. rétt kjörinn oddviti bæjarfulltrúanna fyrir þetta ár.

Jón Guðm.

---

## No. 8

Til Sama 5. marz

Með ~~bréfi~~ heiðruðu bréfi 28. f. mán. hafið þér herra kanselíráð! sent fulltrúunum til álita bréf frá Einari snikkara Jónssyni hér í bænum ásamt afskriptum af 2ur útmælingargjörðum á lóð og lóðar viðbót ~~við~~ við hús Eiðvarðs kaupm., frá 28 apr 1857 og 17 maí f. á. Tér Einar snikkari ber á leit í téðu bréfi, að af því hvörutveggja

lóðar spildarnar er honum hafi verið þannig
útmældar og tilsagðar gegn ákveðnu ár-
legu eptir gjaldi til bæjarsjóðs, sé innan um-
merkja sjálfrar kaupstaðarlóðarinnar, að
af honum verði létt að greiða hið ákveðna eptir
gjald eptir téðar lóðar spildur frá byrjun þ. árs,
því þetta byggi hann samkvæmt tilsk. 17. nóvb.
1786 § 35.

Með því að ræða þetta mál með oss á
fundi, urðum vér bæjarfulltrúar(nir) að fallast á,
að svo framarlega sem hús Einars snikkara
reyndist ~~væri~~ innan þeirra merkja er afmarka sjálfa
kaupstaðarlóðina, og eins það af lóðunum sem ~~er~~
honum var útmæld 28 apr 1857 og 17. maí ~~nóvb~~
1858 er honum væri nauðsyn á [illegible] ~~[illegible]~~ til kálgarðs,
en um þetta hefir fulltrúanefndin engi áreiðan-
leg skilríki í höndum sér, og verður hún því að
fela yðr herra kanselíráð! að skera úr því – þó
bæri að létta af Einari snikkara eptirgjaldi eptir
lóðina að þessu leyti, enda þótt hann hefði
undirgengizt það, því vér verðum að álíta; að
þar sem tilsk. lagastaðr hefir heimilað hverjum
er byggja vill á lóð kaupstaðar, ekki að eins
lóðina undir sjálfu húsið kauplaust og eptirgjalds-
laust, heldr einnig "að því leiti mögulegt væri"
einnig "dálítið kálgarðsstæði", þá eigi engi að
missa af þessum lagahlunnindum fyrir van-
þekkingar sakir á því hvað lögin leyfa. – En
hins vegar urðu fulltrúarnir að vera á einu
máli um það, að ~~þessi~~ þó að báðar lóðar
spildurnar þær er Einar snikkari hefir fengið
mældar, reyndist innan kaupstaðar lóð-
arinnar ummerkja, þá mætti ~~gæti~~ laga leyfið
með engu móti ná til beggja spildanna, með
því Einar og hver annar, gæti að eins átt
heimting "á litlu kálgarðsspotti +, að því sanng-
jarnt væri þará"; og býðr hann sjálfr og bygg-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1859 | Datum

—ingarnefndin hefir álitið læðina (honum sem) var útmæld (í fyrra sumar) 28. apr 1857, nyrðst hjá Hólgarðsstæði. Það er af hendir, að það er enganginn af þessari lóðar spildunni sem vér fulltrúarnir, finnum ástæðu til að létta hina ákveðnu eptirgjaldi frá byrjun þ. árs og framvegis, en þar ámóti allt eigi af lóðar viðbótinni er Einari Snikkara var útmæld 17 mai f. á. heldr álitum vér að hann eigi annað hvort að greiða eptir hana um sem fyrri 1 r 68 s árlega, sem og frá upphafi var áskilið, eða að hann á öðrum kosti afsali sér skriflega og afhendi aptr bæjarstjórninni þessa lóð.

Bréfið frá Einari snikkara endrsendist

## N 9

| | Til Sama. 1. D.
|---|---|

Samkvæmt því sem hreift var á fundi í dag og vér urðum, allir fulltrúarnir, ásáttir um, leyfum vér oss að beiða yðr, herra kanselíráð! að ganga ríkt eptir, að sem fyrst verði meldað hver sú ný húsabygging eða (hiera) viðbót, sem byggð hefir verið úr múr eða timbri innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, síðan um lok febr mán f. á, og lögskipað er að greiði af lóðartoll til bæjarsjóðs, og að þér gjörið svo vel að senda oss skýrslu þar yfir áðr en byrjuð verði niðrjöfnunin á útgjöldunum á bæjarbúa fyrir þetta ár sem nú stendr yfir.

## N 10.

| | Til Sama 1. D
|---|---|

Af bæjarreikningi þeim fyrir 1858 sem er framlagðr öllum til sýnis í bæjarþingsstofunni, en þó án fylgiskjala, hafa menn orðið þess varir, að ársleigan af Melshúsatúni og Ullarstofuparteinum fyrir téð ár er þar tilfærð: 11 r (48) eða 13 r 48 s

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1859

Datum

i stad hinnar á ttaudu árs leigu, vid uppbad 18. apr 1857: 10o. 16 og 22a., og leyfum vér oss að vekja athygli ydvart að þessu og bidast ydvarrar gódu tilhlutunar um að það verdi leidrétt sem fyrst af gjaldkera.

En jafnframt þessu koma fulltrúinnar ásamt, að bidja Ydr herra Kansellíráð! að hlutast til um, á hvdrandi bæjarsjóds reikningana framvegis

1o. Að med bæjarreikningunum fyrir hvert ár verdi fram lagdar afskriptir (sjálfsagt á kostnad bæjarsjóds) af öllum þeim fylgiskjölum vid reikningunum er ekki hafa gengid fyrir fram í gegnum hendr bæjarfulltrúanna, ~~eda eru~~ t. d. einstaklegir reikningingar og útgjalda skipanir, eda eru kvitteringar fyrir fastákvedin útgjöld; á ölmunni, en þó einkum afskriptir af þeim fylgiskjölum er á hvdra útistandandi skulder bæjarsjódsins

2 Að bæjarreikningrinn sjálfr verdi árlega auglýstr á prenti, ad minsta kosti hálfu missiri eptir að hann er saminn, svo að t. d. aller bæjarbúar geti verid búnir að kynna sér fjár hag bæjar sjódarins fyrir hvert umlidid ár, ádr sá tími sé lidinn, innan hvers lögin gefa þeim kost á að kæra ~~bæd~~ hvort heldr er "á ölmunina" fyrir árid næst á eptir eda einhvat atridi hennar, eda þá mót jöfnunina sem á henni er byggd.

---

Til Sama 1D.

No 11

Á fundi í dag vard, eptir samkomulagi mille fulltrúanna, herra kaupmadr Th. Johnsen fyrir því, að hafa á hendi umsjón med bæjar verkum ~~fyrir~~ þennan yfirstandandi mánud.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| 1859 | Datum |
|---|---|
| No 12<br><br>Á fundi 19. f. mán. var því hreift af einum fulltrúanna, útaf því að í almæli er að eigin Timburbæjar í Grjótaþorpinu verði seld þeim eiganda er muni ef til vill byggja bæinn upp frá stofni, með því hann sé nú orðinn mjög fallinn, að bæjarstjórninni bæri í tíma og áður en endrbygging bæjarins ætti sér stað, að sjá því borgið, að því er unnt væri, að bær þessi yrði eigi byggður upp á sama stað og, svo framarlega sem það yrði með nokkru móti fyrir byggt, ekki heldur nýr torfbær á þessi lóð.<br><br>Vér allir fulltrúarnir erum samdóma á það bent, fyrst að brýn nauðsyn bæri á að hreifa þessu máli í tíma, og einnig, að bæinn mætti með engu móti endrbyggja frá stofni á sama stað sem hann nú stendr, enda þótt hús yrði þar byggt úr timbri eða múr í stað torfbæjarins, af því húsbygging hverrar tegundar sem væri, á sama stað, sem bærinn er nú, yrði því óumflýjanlega til fyrirstöðu, að hin nýja gata norðan frá Bergarabæ, sem nú er svo lángt og vel komin á leiðis, yrði nokkurnveginn fullkomnuð með því að lengja hana suðr eptir til Grjótagötu; þar að auki varð það sameiginlegt álit allra fulltrúanna, að af því bær þessi og öll lóð hans teldist að liggja innan takmarka sjálfrar kaupstaðarlóðarinnar, þá mundi mega banna það, svo fullt afl hefði, að nýr torfbær yrði byggðr upp á þessari lóð, hvenær sem hinn gamli bær þyrfti alveg að endrbyggja.<br><br>Samkvæmt þessu varð það samhuga álit vort og atkvæði, að fela yðr herra Kanselíráð!<br>1º Að þér vilduð hlutast til um sem fyrst að byggingarnefndin gerði skoðun afstöðunnar til framhalds og lengingar hinnar nýju götu suðr í Grjótagötu og segði upp álit sitt um nauðsyn þessarar lengingar á götunni<br>2 Svo framarlega sem byggingarnefndin yrði sam- | Til bæjar-<br>fjetans<br>1. April |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Datum | 1859 |
|---|---|
| | ~~dóma~~ bæjar ~~stjórninni~~ fulltrúanna um þessa nauðsyn, að þér þá legðið bann á það sem fyrst, við nú-verandi eiganda Finnbogabæjar, að bær þessi verði byggður upp á sama stað aptr, þegar hann verðr rifinn sökum til endrbyggingar eðr aðalaðgjörðar, og sömuleiðis á það, — að því leyti þér álítið það bann geta átt stoð í gildandi lögum og venju hér í bænum; að bærinn yrði öðruvísi endrbyggðr en svo, að timburhús eða múrhús komi í staðinn. |
| | Þar ámóti álítum vér sjálfsagt, að eigandanum sé jafnframt heitin sanngjarnt endrgjald úr bæjarsjóði, fyrir þann hluta af lóð hans er gengi til lengingar götunni |
| Til Bæjarfógetans 16. april (sbr. Nr 17) | Nr 13 |
| | Gjaldkeri bæjarins sendi fulltrúunum fyrir fám dögum hér með fylgjandi ágrip af reikningi bæjarsjóðsins fyrir hálfmisserið til 31. f. mán., og sýnir hann, að sjóðrinn var þá kominn í skuld til gjaldkera um 117 rd 43 s |
| | Fulltrúunum varð að finnast því meiri nauðsyn á að taka þetta málefni til alvarlegrar yfirvegunar og umræðu á fundi í dag, sem oss og öðrum er kunnugt að yfir bæjarsjóðnum vofa nú þegar ýms veruleg útgjöld er eigi verðr undankomizt, svosem hin föstu á hverju ári útgjöld fyrir hálfmisserið til 30. júní 90 rd; til þurfamanna bæjarins, eigi minna en 300 rd; og til þess að endrgjalda ~~vissi~~ sjóðnum á hverju skyra til fyrverandi lögregluþjóns M. Hendrichsens fyrir 2 umliðin og þetta yfirstandandi ár samtals 110 rd. Þegar, oss er svo vegar fyrst er getið þessara talsverðu útgjalda sem þegar liggja fyrir bæjarsjóðnum undan þerstulaust, (auk skuldarinnar sem hann er þegar kominn í við gjaldkerann) ~~oss þess vegar~~ ~~þykir~~ þá þótt, á ~~bæjar sjóðnum~~, +þar næst athugað, að eptir því fyrirkomulagi sem nú er, hafa bæjarsjóðnum alls engar tekjur til þess að standast nein þessi gjöld fyr en í fyrsta lagi um þau lok þetta ár, en ekki |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1859

Datum

samt ~~þó~~ til nenna vinna, fyr en í ágúst – septbr, sakir ~~af~~
þess bágindi ólags sem komið er á allan þorra bæjar-
búa að greiða gjöld sín ekki fyr en fremur í ó-
tíma, og í þriðja lagi hafa tillit til þess, að engi vegr
er til að hafa fram neina þá ~~vinnu~~ verk sem vinna
þarf í bænum, þarfir, fyr en í fyrsta lagi í septbr
og octobr mánuði, ef ekkert er til vinnulauna
fyrir í bæjarsjóði, fyrir um skaðlegt ~~en~~ þar með gjöri bænum, öll
vinna alltað því kvíðvængi dýrseggtari heldr en
ef helzta verkunum gjöri afloknd fyrir slátt, ~~bæði~~
af því að um fyrri part sumarsins er bæði lengri
dagr, ~~betra~~ í stöðugra vinnuveðr yfir höfuð að tala,
og þá kann völ á mönnum til vinna með vægari
kjörum, — þegar allt þetta er gott, þá verðr auð-
sætt, að eigi að eins er óbætt ógjörlegt bæjarfulltrúa (að hafa ekki
fé fyrir til hinna nauðsynlegu og fasta árlegu
útgjalda, heldr má bærinn bíða margfaldan
skaða af því ef sjóðrinn er févana til að
standast verkalaunin um þann tíma sem bæjar
verkin, má fá bezt af hendi leyst og með
minstum kostnaði.

En á meðan þetta fyrir komulag helzt
á bæjarreikningum og honum árlega á ætlun yfir útgjöldin
árhvert, að þau verða eigi hæfstar neinum man
ríkari heldr en í fyrra og verða þarf til bæjarins
ýmsra nauðsynja ár hvert, en ~~reikning~~ báðir hin
og reikningarnir skapðir) fyrir almanaks árið, og þá
engra hefja von í sjóðinn fyrr en eptir vánt
misseri liðið af hverju ári, þá gefr að skilja
at ~~til~~ þessi sömu störþrot hljóta árlega að koma
yfir bæjarsjóðinn frá nýári og fram í júlí.

Að öllum þessum ástæðum ~~náttúrulega~~ ítarlega röddum
og yfirvegðum á fundi í dag, urðum vér að
verða ein huga á þessu máli, að það værdi
~~bezt~~ ekki að eins hyggilegt og ~~nauðsynlegt~~ sanngjarnt (heldr einnig eyng og nú þó á
~~bæjarsjóðnum~~ ef rétt er álitið sjóðnum beinlínis í hag að út vega
honum lán í eitt skipti fyrir öll að
minsta kosti 400 rd lán, gegn árlegum lagaðsrentu
og ef á þyrfti að halda veð í ~~jar~~ nokkrum hluta
af jarðeign bæjarins; og virðist eigi skað-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Datum | 1859 |
|---|---|
| | mál að bænum er margfalt meiri hagr af því báðum að hafa fé á vöxtum hondum til allra verka hvenær sem hagræði er og kostnaðarminst að byrgja þau af hendi í heldren svara þeim mest 16rd útgjalda auka árlega sem bæjarsjóðnum er búin af lækningu vaxtanna.<br>Af framanskrifuðum ástæðum er það samhuga álit vort ~~að~~ og bæn að þér herra kanselíráð viljið gjöra svo vel að ~~hlutast~~ styðja til móti útvega yðar til ~~[illegible]~~ leyfi Stiptamtsins (þá) til þess að 400 rd. lán megi útvega og taka handa bæjarsjóðnum, og á þann hátt og í þeim tilgangi sem fyr var sagt, auk að þér að fengnu þessu leyfi vildið útvega sjálft lánið úr annaðhvort hjá umráðendum annara opinberra sjóða, eða, ef eigi yrði annars kostr, hjá fátækra nefnd bæjarins af því fé er hún hvort er hefir á vöxtum. |
| Til Bæjarfógetans<br>16. april | No 14<br>Þér hafið, herra kanselíráð! með heiðruðu bréfi 14. þ. mán. beðið ~~b~~ oss bæjarfulltrúana bréf dómsmálastjórnar herrans 26. febr. þ. á. áhrærandi uppástungu vora 25. okt. f. á. um að selja Skálholtskots og Stöðlakotstúnin, sundrdeild í ákveðna hæfilega vellir hluti, gegn árlegu eptirgjaldi í álnatali; hreifir ráðherrann ýmsum atriðum, áhrærandi breytingar á þeim söluskilmálum er bæjarstjórnin hefir lagt til (~~stungið uppá~~), og meðal þeirra þess, er stiptamtmaðr hefir stungið uppá ~~á~~ álitsskjali sínu um málið til stjórnarinnar, að bænum sé áskilinn forkaupsréttr hvenær sem einhver af hinum útskiptu völlum gángi ~~að~~ til sölu úr eign eins eiganda til annars. Vér höfum nú tekið mál þetta til grandgæfilegrar yfirvegunar og rætt það með oss á fundi, og er það samhuga álit vort, að hvorki sé, eptir því sem á stendr, nóg ástæða til, að selja téð tún til algjörðar eðr fullkominnar eignar, eins og ráð- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1859

herrann hreifir, ~~og heldur~~ né heldur að breyta skilmálunum að öðru leyti; þá þeir sem bæjarstjórnin í upphafi stakk uppá, nema að því eina er hin áminnsta uppá-stúnga stiptamtsins fer fram, er vér að voru leyti finnum ástæðu til að fallast á.

Og þarsem nú stjórnin, enda þótt hún hafi hreift þessum ýmsu (öðrum) breytingaruppástúng-um, gjörir þó eigi að neinu beinu skilyrði fyrir að salan á téðum túnum megi fara fram eptir því sem bæjarstjórnin hefir lagt til og stiptamtið verðist einnig að hafa stutt, þá viljum vér biðja yður, herra kanselíráð! að hlutast til um að þessum túnum verði nú sem fyrst skipt niður í hæfilega velli að stærð, frá 2–2½ eyrisvöllum, ~~eða 3600 völlum~~ og viljum vér stínga uppá, að 2/3 af bæjarfulltrúunum ~~og~~ sé kvaddir til að vera viðstaddir þann skipti, sem og einnig að yfirkennari herra B. Gunnlögsen sé beðinn að mæla sundurvellina á kostnað bæjarsjóðs, og að þér, að því búnu á kveðið og auglýsið, með nógum fyrirvara, uppboðið á þessum völlum með nógum fyrirvara þannig, að salan geti átt sér stað ekki seinna en 14–16 maí þ. á. Þar hjá leyfum vér oss að áskilja, að fá að sjá og segja álit vort um söluskilmálana ~~og~~ áður þeir sé framlagðir til eptirlits fyrir ~~þá er við~~ til kaupendurna.

Aðlyktum skulum vér leggja þér við það álit vort um annað hvort bréf yðar frá 14. þ. mán. áhrærandi Melkotstúnið, að vér álítum réttast, eptir því sem nú er komið, að það sé uppboðið til leigu, fyrir eitt ár til fardaga 1860, með hinum vanalegu leigu skilmálum fyrir hönd bæjarins og að uppboðið fari fram eigi seinna en um miðjan [maí mánuð]

[margin:] ...da maí mánuð

Datum | 1859

Til bæjarfógetans 16 april

15

Með heiðruðu brjefi 1. þ. m. hafið þjer herra Cancelliráð, sent oss notarial-afskrift af afsalsbrjefi prestsins til Helgafells fyrir jörðunni Hlíðarhúsum með hjáleigunni Ananaustum, til Reykjavíkur, og hafið þjer jafnframt leitað álits fulltrúanna um það, hvort eigi ætti að tilkynna leiguliða Hlíðarhúsanna þessi eigandaskipti, sem þannig eru orðin á eigninni, hvort eigi ætti að útgefa til hennar nýtt byggingarbrjef eða breyta hinu fyrra, er hún kynni að hafa í höndum, eða að minnsta kosti að fá það til sýnis og rita á það eigandaskiptin, hvernig haga eigi framvegis hinu ákveðna eptirgjaldi úr bæjarsjóði til Helgafells-prestsins, og hvort eiginni mega greiða það eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni.

Eptir að vjer höfum tekið mál þetta til yfirvegunar og umræðu á fundi, verður samhuga álit vort þar um á þessa leið

Vjer sjáum hvorki tilefni nje rjett til þess að breyta hennar byggingarskilmálum, er hinn núverandi æfifestu-leiguliði, ekkjufrú Elín Thorsteinsen hefur fyrir tjeðri jarðeign frá hinum fyrra eiganda. Hinsvegar virtist oss

sjálfsagt, að honum sje tilkynnt sem fyrst eiganda skiptin, og að hún selji fram til sýnis byggingarbrjef sitt, og til þess að rita á það þessa breytingu eigendanna, sem sjer er orðin, svo að hún geti undanfærslulaust og í rjettan tíma greitt hið ákveðna eptirgjald árlega í bæjarsjóð.

Að því er viðvíkur eptirgjaldinu framvegis til Helgafellsprestsins úr bæjarsjóði, þá verðum vjer að álíta það rjettgoldið eptir verðlagsskrár meðalverði ár hvert, svo framarlega sem konungsbrjefið febr 1835 ekki áskilur hið ákveðna 9 vætta 30 fiska eptirgjald í neinni tiltekinni landaurategund, Haganlegast ættum vjer verði fyrir bæjarsjóð að greiða gjald þetta árlega í peningum einhverjum þeim lausakaupmanni, er hjeðan siglir árlega til Stykkishólms gegn skriflegri skuldbindingu hans í tvennu lagi um að greiða prestinum til Helgafells sömu upphæð þegar vestur kemur, og að prestinum sje þá send önnur sú skuldbinding.

Að öðru leyti finnum vjer eigi í þessu sinni tilefni til, að hreifa neinum uppástungum eða tillögum, um breytta tilhögun á þessari nýju eign bæjarins, einkum af því öllu þess konar er það til fyrirstöðu, að hún er um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Datum | 1859 |
|---|---|
| | í leigumála þriðja manns, er ýjer álít-<br>um eigi þarandi fram á, að raska,<br>ámeðan eigandinn heldur áfram að<br>yrkja og nota jörðina og breyti eigi á<br>móti byggingar skilmálunum í neinu<br>verulegu. |
| Til Bæjarfógetans 26. apr. + | 16<br>Eptir það að við hér undirskrifaðir bæjarfulltrúar<br>höfðum á [aukafundi] í ~~Kvöldgær~~ [gær] tekið til umræðu og<br>þar eptir ásett oss að rita yðr. herra kansellíráð<br>álit vort og tillögur á hrærandi útmælingu þá<br>á hússtæði handa snikkara Jacob Sveinssyni<br>sem hafði átt sér stað ~~á la~~ 23 f. mán, barst for-<br>manni fulltrúanna ~~sama + þessa veðfangi~~ [í gærkvöldi] með<br>fylgjandi bréf frá þeim 3 mönnum húseigendum við<br>hússtæði er var útmælt: Docent kl. Arnasyni, exa-<br>minatus juris P. Melsted og Snikkara O. Gudmunds-<br>sen, hvarí þeir bera sig upp undan þeirri út-<br>mælingu til ~~snikkara~~ hússtæðis og mótmæla<br>henni. Þessu bréfi þeirra fylgði staðfest af-<br>skrypt af útmælingunni 23. f. mán. er hér legg-<br>jum hér við.<br>~~Vér ve~~ Að vísu er bæjarfulltrúunum kunn-<br>ugt, að eptir [tilhlutun] ~~ákvörðun~~ Stiptamtsins varið 1853, ~~sagði~~<br>[varð það að álitum með] bæjarfulltrúanum, ~~þótti~~ [í það sinn] ~~sama vör~~ að byggja<br>~~skyldi~~ + móti húsaröð ~~norðan~~ sunnanverð<br>við Vallarstræti, frá húsi Páls [(nr 1 á Aurfjalli)] ~~Melsteds~~ austr<br>eptir Vellinum, ~~sak~~ samhliða austarlega og hús madme<br>Gudnýjar Möller [(nr 8 í Austrstræti)] ~~stór~~, og að á byggingarnefndar<br>fundi 30. júni s. árs var stefna þessarar [nýju] húsa-<br>raðar nákvæmar ákveðin og tiltekin stærð<br>~~eða sama~~ lóðarinnar er hverju húsi ætti<br>að fylgja<br>En þó að útmælingar ~~og á sínum~~ [gjörð] ~~gjörð~~<br>sú er nú framfór handa snikkara Jacob Sveins-<br>syni, 23. f. mán, [virðist] ~~se~~ þannig að miklu leyti |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

byggt á eldri gjörðum bæði bæjarstjórnar innar og bygg-
-íngarnefndarinnar, og á ráðstöfun og samþykki
háyfirvaldsins, þá verðum vér að álíta bæði sjálfa
fyrirætlunina, að því þessa fyrirhuguðu nýju
húsaröð snertir, ~~yfir höfuð að tala~~, og sömuleiðis ~~einu~~ þessa
nýju útmælíngu ~~til húsbygginga~~ frá 23. þ. mán
ekki að eins mjög óhentuga, og ~~eptir~~ þar til alveg óþarfa
með ekki meiri þurrð ~~skorti~~ á góðum húsastæðum
heldur en enn þá er orðin hér í bænum, heldur
einnig skaðlega bæði fyrir bæinn yfir höfuð að
tala og fyrir þá einstöku húseigendr sem
þessar nýju byggíngar, með fram sunnan verðu
Vallarstræti, hljóta að kreppa að í svo mörgu
og verulegu tilliti og gjöra húseignir þeirra
ekki alllítið í verði.

Hér er engi þurrð orðin enn á góðum og hent-
-ugum húsastæðum, á sjálfri kaupstaðarlóðinni heldur á þúfu ~~(þarna til vest svo góð hús~~
-stæði má fá í hinum syðri hluta Lækjargötu fyrir
sunnan Biskupsstofuna nýju; 3 eða 4 hússtæði
fyrir vestan hina vestari húsaröð í Kirkjugarðs-
-stræti, og jafnmörg hússtæði eða fleiri Ingólfs-
-brekku sunnan af húsi Einars snikkara Jónssonar;*
Auk þess svona mörg og góð húsastæði standa
opin hverjum er vill á sjálfri kaupstaðarlóð-
-inni, þá er sannlega óþarfi að láta húsbygg-
-endr fá hússtæði ~~hér~~ hér á Austrvelli, er
svo margfaldr bagi getr af staðið.

Hin fyrirhugaða húsaröð austr eptir Vellin-
-um ~~er~~ verðr auk þess og augsýnilega ~~til mikils~~ baga
ekki að eins fyrir hina einstöku húseigendr
að norðan verðu í Strætinu, og vestari húsa-
-röðinni á Austrvelli, með því t. d. tvíloptuð
hús í þessari nýju syðri röð hlyti að ~~taka~~ bæði
útsjón, birtu og sólaryl mjög svo× frá húsinu
N 1 á Austrvelli, N 1 í Vallarstræti (Bellenbergs
hús sem var, og frá N 8 og N 10, og einnig N 9
(ef því yrði síðar breytt í búðarhús) á Austrstræti

× og á nyrðri leyti N 2

Lóðin fyrir sunnan garð" lóð bæjarins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dotum

# 1859

En þann sem áður verðum vèr að álíta þann
bagann mestan og verulegastan er þessi nýja
bæjarráðs hlyti að ölla verzlun bæjarins yfir
höfuð og einkum þeim kaupmönnum er eiga 2 mestu
verzlanirnar, í hverjum svo ~~og~~ ~~sem~~ er jafnan hefir verið
mest aðsóknin að síðan kaupstaður þessi hófst
og langmestar byrðir hafa jafnan verið að bera af bæjar
gjöldum, en það eru verzlanirnar № 6 og № 7 í
Hafnarstræti (Knudtzons og Bierings.) Að báðum
þessum verzlunum hefir jafnan sótt mesta mergð
(til viðskipta) sveitar manna og flestir þeirra hafa tekið áfangastað
lestum sínum á Völlunum (einmitt um það svæði þar sem hin nýja bæjarráðs ákvörðun er gjörð), haft þar farangr sinn
~~og hjölt~~ ~~og tagl~~ ~~þar uppi~~; og annað er ekki þar
nema því að eins að aðal götur bæjarins, Hafn-
arstræti Austrstræti og svo þetta ~~nýja~~ lengda
Vallarstræti sem nú á að verða, yrði svo
þétt kassað hesta þvögu að ó(fyrir bæjarmenn)fært yrði
marga ~~daga~~ ~~í senn~~ að komast þar úr fram fyrir
~~hesta þvögu~~, farangrs kösum og mannþrönginni, að
sleptum hinum mikla óþverra sem fyrir þetta
hlyti að safnast á strætin, en fremur heldren
hèr. Lesta mönnum sjálfum yrði og að þessu
eigi að eins hin mesta óhagræði, heldr einnig
óbærileg töf og erfiðleiki, og ~~öfugt~~ partil á hættu að eiga ~~sem~~ far-
angr sinn og kaupskap svona á strætum þar sem
mest er umferðin um og innanum óþolanlega mann-
grúa úr öllum áttum, útlenda og innlenda, ef þessi (vesalingar) ~~menn~~
væri þá boðið að hafa sitt náttúrunnegin útaf fyrir sig
eða að hafa þeirra varðveizlu á
~~nema~~ því að eins að flytja það syðst á Austr
völl eðr austr á Lækjartorg, er væri mjög erfitt
fyrir alla þá er verzlunar við kaupmennina ~~vestar~~
um miðbik bæjarins og vestanvert í honum.

Þessi nýju hús á vöð má því verða til veru-
legra ónota og skaða fyrir öllum bæði þar sem
hún gjörir viðskiptin við ~~flestan~~ hluta kaup
manna vorra svo miklu óaðgengilegri og
erfiðari heldr en fyr hefir verið, og má því ~~bæ~~
verða til þess að fæla marga menn frá að sækja hing

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að til verzlunarv, er hitt liggr þó auðsjáanlega nokkru nær að sem flestum sveitamönn-um, sé gjört sem aðgengilegast að sækja hér að til útskipta því þar undir er framför og blómg-un þessa kaupstaðar einkum komin og öll framtíð hans.

Vér verðum því að álíta það á verulegum rökum byggt, að verzlunarstjóri stórkaupmanns Knudtzons hefir mótmælt til hlutaðeigandi yfirvalda gegn þessari nýju húsabyggingu, eins og hann hefir ráðgjört við nokkra af oss bæjarfulltrúana.

Það virðist einkum að hafa ráðið úrslit-unum 1853 um ákvörðun hinnar nýju húsa-raðar, að Austurvöllr væri allr svo lágr að norðanverðu og austanverðu, að þar safn-aðist mikið leysingavatn á vetrum, er bæði sé til óhægenda og óþverra; þessu verðr eigi neitað; en hins virðist eigi hafa verið gætt hér við, að húsaröðin, með hinum stöplunum, sé dregin saman verða við „Kennergötuna“ sem kölluð er (þ. e. framhaldið af Vallarstræti austreptir) mundi ein mitt valda því að leysingavatn og regningarvatn út streymdi en meira fyrir norðan þessa nýju húsaröð bæði ytar á sjálfri götunni og á sundið milli N. 7. og 8 í Austr-stræti; nauðsynin til að fylla upp þessi sund yrði því engu minni, eptir það húsin væri byggt heldr en hún er nú, heldr miklu meiri, og þarfur mikill kostnaður meiri fyrir bæjarsjóð af því þá þyrfti enn meiri og vandaðri uppfyllingar þegar húsaröðin væri komin að saman verðu og þá yrði meiri umferð um Kennergötuna (eða Vallarstrætið að austan verðu) en nú, er hún mjög lítil og nauðsynjalaus að mestu. Vér sjáum nú ekkert því til fyrirstöðu að bæjarstjórnin fari þegar í ár að láta saman bera ofaní og fylla upp þessi sund og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Datum 1859

~~gata~~ til þess að byggja vatninu frá að safnast
þar á vetrum heldr kneppist með uppfyllingunni og norðanbarða, því sannað er á
Völlinn og halda með þessu móti ~~færum og~~ greiddri umferð op-
inni um þessi svæði, og mætti byrja á þessari uppfyll-
ingu þegar í sumar, en hvorki þyrfti hún að vera
eins vönduð (og ekki þyrfti heldr að skrásetja hana fyr í einu mikið) eins og ef ~~..~~ dag í búðar kæmi
þar fyrir sunnan; ~~eins og~~ sízt bætir nú bygging-
in, sem ráðgerð er með útmælingunni 23. þ. mán
úr þessi vatnsfyllinga sem hér ræðir um, því
hún er, ~~...~~ eins og kunnugt er, (mest ~~í~~ ~~útnorðr~~ landnorðrhorni
Vallarins, en útmæling þessi er í útsuðrshorn-
inu, þar sem vatnsfyllingin er minnst.

Af þessum ástæðum verðum vér ~~að~~ eindregið
hugga að ~~biðja yðr, herra kanselíráð~~ ... ~~að~~ ráð-
frá því að ~~útvega~~ ~~...~~ amtsráðið skyldi út-
mælingunni 23. þ. mán. og biðja yðr að senda (þessu ásamt
þetta álit vort ásamt útmælingargjörðinni til
amtsins, samt að gefa fulltrúum vor sem fyrst
vísbendingu um hvað hágöfugheit (að því búnu) ráði af í
þessu máli

Að síðustu verðum vér, með tilliti til þess
sem virðist hafa verið ákveðið í þessu máli 1853,
að vekja athygli að því, að þessi húsaröð ~~sem~~
~~þá var afráðin af ...~~, var
að eins ráðgjörð, ~~sem~~ að hún gæti átt sér stað, án
þess að þá lægi fyrir krafa frá neinum einstökum
manni um hússtæði á þessu svæði. Hér er því ekki
hallað rétti neins einstaks manns, þó synjað sé nú
um hússtæði þarna á Völlunum, og þess vegna ~~...~~ virðist standa
opið fyrir að breyta þessari fyrirætlun frá 1853 hve-
nær sem það sérstaklega tilefni krefði, ~~þess~~, ~~af því ...~~
~~...~~ einstaks manns beiði
að fara ~~...~~ þess á leit að fá þar útmælt hússtæði,
og ef nokkrar röksemdir, ~~gjöra fordar~~ eins og vér ætl-
um að hér sé fram komnar, gjöra fordar fyrir
því að ~~breyta~~ það fara betra gjöra og réttara að breyt-
útaf þessari fyrirætlan af 1853. Og eins og
breyttar kringumstæður á þeim 6 árum sem síð-
an eru liðin, hljóta að ráða úrslitunum um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1859

Datum

hvort nú sé safn til þess lagt eins og þá stóð, að leggja að byggja þessa húsaráð, þegar ~~þess~~ er nú beinlínis farið á leit, eins verðum vér líka að álíta að bæjarfulltrúarnir sé nú eins bærir um það eins og þeir voru þá að kveða upp álit sitt um málið, því það fari í gagn-stöðu átt við það, með staðn sem bæjarstjórn-in og byggingarnefndin komst að 1853, og því vonum vér að þetta álit vort og þær ástæður sem það er byggt á verði tekið til fullra greina þegar ~~afráðið verður af stiftsyfir~~ valdinu ~~hvort~~ samþykkja eigi útmælingu una 23. þ. mán, eða synja um samþykki á henni.

„Af þessum ástæðum dæ — sjá blaðsíðuna andspænis"

J. Guðm. Th. Johnsen. Jón Pjetursson. H. Johnsen.
H. Kr. Friðriksson

## No 17

Til Bæjarfógeta
24. maí
(sbr. No 13)

Með heiðruðu bréfi frá í dag, hafið þér, herra Kanselíráð birt ~~oss~~ bæjarfulltrúunum bréf stiptamtsins frá í gær, er svarar bréfi ~~bæjarfu~~ voru 16. f. mán, á þá leið, að stiptamtmaður þyki eigi ráðlegt að lána af því vaxtafé fátækrasjóðsins hér í bænum er sé með 4% vöxtum, en að hann vili fá bæjarsjóði 400rd af barnaskólasjóði Thorkilli, gegn 4% vöxtum, ~~og~~ þó gegn að 40rd sé árlega ~~til~~ borgaðir uppí skuldina, og ~~að~~ þessi 40rd borgun og hin árlega leiga sé ~~árlega~~ ~~tekin~~ tekin frá sérstaklega, ár hvert, í útgjalda áætlunum bæjarins.

Vér ~~sem~~ hér undirskrifaðir, höfum rætt þetta mál á fundi í dag, og varð sameiginlegt álit vort á þessa leið:

Það virðist ~~er~~ í augum uppi, að svo framt fátækrasjóður bæjarins ætti svo mikið fé ~~fyrir bæjarfundi og~~ af lögum, sem langt þessa svarar ~~...~~ hvort heldur væri vaxtafé með 3½ og 4% vöxtum, eða ósett á vexti, er þá eigi fengist meiri leiga af en 3%, ~~að stjórn~~ þessa og sbr. miðað því fé, sér bagalaust, þá ~~er~~ væri honum

Datum

# 1859

það beinlínis hagr, að ~~geta~~ láða það ~~þetta~~ fje bæjarsjóðn-
um gegn 4% vöxtum; og varir þar sem standa en-
er nú í þessa sjóðs og ~~bæjar~~ fátœkra sjóðarins, þá væri
einnig bæjarsjóðnum sjálfum fremur hagr að því að ~~kunna~~
geta á þenna hátt orðið skuldseygtr fátœkrasjóðn-
um fremur en öðrum vandalausum. Því viljum
vér biðja yðr, herra kanselíráð! að leita hjeraðlút-
andi upplýsinga af fátœkrasjóðs reikningunum og
svo framarlega sem það reynist, að ~~sjóðr~~ ~~þessi~~ fátœkrasjóðrinn
hafi í rauninni 400rd aflögum en þess að standa
4% vaxta fje sitt, að þjer þá leggið fram vinsamleg til-
mæli yðar við stiptamtið að bæjarsjóðnum verði
leyft að verja þetta lánsfje, með þeim kjörum er stipt-
amtið hefir áskilið, að því einu frá teknu, að hinni
fyrstu 40rd greiðslu mætti fresta til ársins 1861, af
hverri ástæðu er síðar segir.

En sé svo reynist, að fátœkrasjóðinn hafi eigi þetta lán-
fje aflögum, eða að það, sakir annara kringumstæða,
fáist eigi nú þegar, t. d. ~~af því að~~ sakir skorts á
nógum uppsagnarfresti á þeim summum sem nú
eru á vöxtum í jarðabókarsjóði, þá viljum vjer fús-
lega ganga að boði stiptamtsins um lánið af skóla-
sjóði Thorkillii, með þeim kjörum er stiptamt-
ið hefir áskilið; ~~þó~~ en þar við finnum vjer þá
nauðsyn á að fá ~~því eina~~ skilyrðiðr ~~et~~ tölu 2
á kvarðar á kveðið að sumarbæt ~~þannig~~, að hinni fyrstu
40rd borgun uppí lánið fáist ~~mætti~~ frestað til 1861, af-
því að síðarta greiðslu bæjarsjóðsins 50rd 20rd af láninu
frá 1856 úr fátœkra ~~bæjar~~ sjóði, er lokið en fyrr með ~~næsta~~ næsta ári 1860,
en í sjerhvert þurfir ~~að fá~~ ætla það eina ár 90rd til skulda-
lúkningar, auk 16rd vaxta, eða samtals 106rd, framyfir önnur nauðsynleg
bæjargjöld. J. Guðm. Th. Johnsen Jón Pjetursson Jón Þórðarson

| Datum | |
|---|---|
| Til Bæjarfógetans 9. maí | № 18<br>Hjermeð sendi eg yðr, herra kanselíráð! til frekari leiðbeiningar, að gjörð ráðstofunni, niðurjöfnun fulltrúanna á bæjargjöldunum fyrir 1859; ásamt áætlun-inni yfir ~~bæjar~~ tekjur og útgjöld bæjarins fyrir sama ár fylgir einnig hjermeð tilbaka<br>Jón Guðm. |
| Til sama s. D. | № 19<br>Hjermeð gefst herra Cancelliráðinum til vitundar, að ~~Eg~~ undirskrifaðr hefi tekið að mjer umsjá bæjarverkanna fyrir þenna yfirstandandi mánuð<br>Guðm. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1879

Datum

Nr 20

Til Bæjarfógetans 28. maí

Með heiðruðu bréfi dagsettu í dag, hafið þér, herra kanse-líráð! skýrt fulltrúanefndinni frá þeirri uppboðsgjörð, er framfór í gær á Skálholtskots og Stöðlakots túnunum sundurstykkjuðum í 5 sérstaka velli ~~með~~ ~~og~~ til þess þar yrði framvegis gegn hæstbjóðanda, ef boð þessara ~~yrði~~ næði samþykki, gegn ~~ákveðnu~~ óbreytanlegu árlegu eptirgjaldi til bæjarsjóðs í álnatali. Skýrið þér frá, að fyrir velli þessa hafi nú verið boðið ~~til~~ óvarandi eptirgjald til bæjarsjóðs, samtals 249 álnir á landsvísu, og beiðist álits fulltrúanna um hvort boð þessi, í hina sérstöku velli, beri að samþykkja.

Vér sem hér ritum undir, höfum vor ræddum þetta mál á fundi í dag, og dylst það oss eigi fyrir oss, að ~~þessar~~ þessar 249 álnir ~~sem boðið eru óvarandi eptir gjald sem nú var boðið~~, ~~þegar~~ eru reiknaðar ~~er~~ eptir meðal-~~verði~~ allra meðalverði í þ. árs verðlagsskrá, þá nær það eigi þeirri dala tals upphæð, sem tún þessi hafa áður haft í eptirgjald eptir öll þessi ~~þau~~ tún; ~~tala~~ en mismunurinn er ekki verulegr, og að vísu (þar lengst) ~~þykir~~ mun mega gánga um það, að verðlag landaura, eins hér eptir eins og hingað til, fari heldur hækkandi, að minnsta kosti svo, að það nái því sem var í verðlagsskránni f. á. 20 ß hver alin, þá ~~er~~ verður mismunur (boðanna er nú gjörð) ~~boðanna~~ og hins fyrra afgjalds að engu teljandi. Bæði af þessari ástæðu og af því að ~~þessi~~ túnin, sem hér ræðir um (eru öll þýfð, mjög grýtt og sein í annan, leggja fyrir frábærum áburð og) hafa um mörg undanfarin ár verið smámsaman að rýrna og gánga af sér, eins og sjá má af því að eptirgjald þeirra hefir alltaf verið að fara minnkandi við hver nýleigu-liða skipti, en við þessari rýrnun verður að vísu eigi spornað (með þeirri tímbundnu kröfu sem á þeim hvílum er og því allri ...) með neinu móti öðruvísi, ef þau eru eign bæjarins og enn seld svona á leigu, eins og gjört hefir verið, ~~þeim~~ hverjum sem best býður, að eins um fárra ára tíma í senn, — þá erum vér að vera einhuga á því, að eigi væri áhorfsmál að samþykkja, ~~þau boð~~ að Skálholts-kots og Stöðlakots túnin yrðu nú seld til eignar samkvæmt uppboðsskilmálunum, svona sundr stykkjuð í velli, ~~og~~ gegn ~~því~~ samtals 249 álna óvarandi afgjaldi til bæjarsjóðs er boðið var í gær. ~~og~~ H. Kr. Fr.

J. G. M. J. J. S.

Nr 21

Til Sama s. d.

Svo sem yður mun, herra kanselíráð! minnast þess, að þegar þ. árs áætlun var undirbúin um síðustu árslok var ráðgjört að bæta þyrfti við í áð ... þeirri ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Datum | 1859 |
|---|---|
| | -syn sem væri á að breikka og umbæta götuna sem liggr frá Bakarastígnum suðr eptir milli hinna efri og neðri húsaraðar í Ingólfsbrekku, og bakvið bakarahúsin. — Vér fulltrúarnir höfum enn á ný tekið þetta mál til yfirvegunar og ræddum á fundi í dag, og urðum á eitt sáttir um að eigi megi fresta lengr þessari endrbót. |
| | En til þess hinni megi verði framgangr sem fyrst og ómakin helzt er daglaunamönnum að fá, þá virðist nauðsynlegt að beiðast ~~góðs~~ [yðvarrar] góðu tilhlutunar um að byggingarnefndin sé saman kölluð, til þess að ákveða bæði um stefnu götunnar suðr eptir og hve langt hún þurfi að ná þangað eptir, að minsta kosti í bráð, ~~og~~ og hve breið hún þurfi að vera; og af því það [þykir] ~~er~~ í augum uppi, að lóðar eigendrnir fyrir ofan hljóti að láta ~~þeim~~ lítið eitt af hendi af lóðum sínum til þess að nógileg breidd fáist á götuna, því annars kostar er varla leggjandi verk uppá hana til kostnaðar samra umbóta, þá [virðist] ~~er~~ nauðsyn, á að byggingarnefndin öll eða þér herra kanselíráð í hennar umboði semdið við þá um það endrgjald er þeim beri þar fyrir, eða ~~[illegible]~~ ef ekki semdist þaraum, að þér þá veldið hlutast til um að til kvaddir verði, samkvæmt löggjöfinni, óvilhallir menn til að meta það endrgjald. |
| | Að þessu undirbúnu, viljum vér biðja yðr að bjóða upp (sem fyrst) ~~[illegible]~~ þessa til [þeirra] endrbóta ~~eptir því~~ sem byggingarnefndin ákveðr, að áskildu samþykki bæjarstjórnarinnar á lægsta boð, ~~og~~ að verkinu sé svarlega lokið fyrir lok ágúst mánaðar, og að öðru leyti með hinum vanalegu skilmálum fyrir slíkum vegagjörðum. |
| | J. G. Th. J. J. P. H. St. J. H. Kr. Fr. |
| | **N 22** |
| Til Bæjarfógetans 1. D | Hérmeð sendum vér yðr, herra kanselíráð, [til laga á kveðjunni er auglýsing vor yfir [illegible] ...] ~~[illegible] útskrift af fundi bæjarstjórnar~~ frá fundi í dag við niðrjöfnun ~~[illegible]~~ bæjargjaldanna fyrir 1859, það þá er á hverir þeirra bæjarbúa er eigi var víst um hvort þeir yrði sjálfum sér ráðandi og [aflagt að [illegible]] ~~heldr~~ útsvar innan bæjar ~~eða~~ (þetta ár) ~~frá miðsumri þ. m.~~, þegar aðalniðrjöfnunin var gjörð. |
| | J. G. Th. J. J. P. H. St. J. H. Kr. Fr. |
| | **N 23** |
| Til sama 5. S. | Á fundi fulltrúanna í dag ~~sama~~ var yfirdómara herra Jóni Péturssyni falin umsjón bæjar verkanna fyrir næstkomandi Júní mánuð. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1859

## № 24

Af hálfu Reykjavíkurbæjar, sem nú er orðinn eigandi jarðarinnar Hlíðarhúsa með hjáleigunni Ánanaustum samþykkist, að þetta byggingarbrjef fyrir jörðunni með hennar 2 kúgildum, haldist í öllum greinum, á meðan ekkjufrú Elín Thorstensen lifir, og vill ábúðarinnar njóta og jörðunni forsvaranlega viðhalda, að því einu breyttu, að hið áskilda jarðarafgjald níu vættir í hörðum fiski ber að greiða bæjarsjóð eptir hardfiskverði verðlagsskrárinnar í hvers árs fardögum. –

*Áteiknan Bæjarstjórnarinnar á Byggingarbréf prestsins til Helgafells, 12. febr 1834, fyrir jörðunni Hlíðarhúsum með hjál. Ána naustum til Jál landlæknir J. Thorstensens 28 maí 1859*

## № 25

*Til Bæjarfógetans (um vaktara) 23. júlí.*

Það varð að álitum með oss undirskrifuðum bæjarfulltrúum á bæjarstjórnarfundi hjá yður, herra cancelliráð 9. þ. m., – en því áliti voruð þjer eigi mótfallinn, þótt svo semdist með yður og oss, að fulltrúarnir settu það mál í hreifingu af þeirra hálfu, – að koma á gang af nýju málefninu um að fá öðrum næturverði við bætt hjer í bænum.

Eins og yður herra cancelliráð er kunnugt, var þessu máli fyrst hreift á bæjarstjórnarfundi undir árslokin 1856, jafnframt og áætlunin yfir útgjöld Reykjavíkur bæjar 1857 var undirbúin og samin. Bæjarstjórnin öll var þá einhuga á því máli, að fjölga þyrfti einum næturverði, svo að þeir væru framvegis 2 hjer í bænum, og var þar áætlað til launa handa nýjum næturverði, frá 1. okt. til 31. des 1857, 50 rdl. Stiptamtið vildi eigi samþykkja þessa útgjaldagrein áætlunarinnar, heldur felldi það hana, einkum af þeirri ástæðu, að bæjarstjórnin hefði eigi fært neina rök fyrir nauðsyn á 2 næturvörðum, og enga áætlun um, hverju þeir ættu að skipta með sjer varðgöngunni um bæinn og öðrum störfum þeim, er næturvörður hefði á hendi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Datum

# 1859

Bæjarfulltrúarnir hreifðu þá aptur þessu máli á ný í brjefi til yðar, herra Cancellíráð! 23. novbr 1857; bentu þeir þar, að eigi aðeins, full og ljós rök fyrir, hve brýn nauðsyn væri á því, að hjer yrði settur sem fyrst annar nýr næturvörður, auk þess, sem nú væri; var jafnframt í því brjefi bent til, hvernig hagan legast mundi vera, að skipta hrópgöngunum um bæinn milli tveggja næturvarða, hvenar þar ætti að byrja og enda á hinum ýmsu tímum ársins, og var þess loks farið á leit í brjefinu, að stiptamtmaður vildi leyfa, að nýr næturvörður yrði settur hjer í bænum frá ársbyrjun 1858 með 200 rdl launum ár lega.

Í brjefi 14. des. 1857, er þjer, herra Cancellíráð kunngjörðuð oss í brjefi yðru 15. s. m skorðaðist stiptamtmaðurinn undan, að samþykkja þessa uppástungu, einkum vegna þess, að hana hyrfti að bera undir samþykki dómsmálaráðherrans, samkv. bæjarstjórnartilsk. 27. novbr 1846 § 24; taldi stiptamtið í þessu brjefi sínu ýms önnur vankvæði á, að uppástungan yrði samþykkt, eins og brjefið sjálft sýnir, og bæjarfulltrúarnir hafa tekið upp aptur, og hart ástaður í rök í brjefi til yðar, herra! 7. sept f. a., og til um eigi því yður í þessu brjefi voru, að leita samþykkis dómsmálaráðherrans á málið.

En þegar til átti að taka að fá þessu framgang, lenti þar við að sinni, að stiptamtmaðurinn í brjefi 6. novbr f. a., er þjer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1859

Datum

tekið oss með brjefi 19. s. m., gjört enn ýmsar athugasemdir, áhrærandi það, er vjer bárum fram, um málið í brjefi voru 7. sept. þ. a., og hreift ýmsum uppástúngum, er mundu mega verða til þess, að bæta úr þeim varðskorti um nætur tíjer í bænum, er vjer höfðum yfirkvartað, og var sú uppástungan verulegust, að lögregluþjónarnir yrðu skyldaðir til, að skiptast á um, að ganga varðgöngu um bæjinn frá kl 9–12 á hverju kveldi, – þegar þessar athugasemdir og uppástungur stiptamtsins voru komnar til álita vor bæjarfulltrúanna, svöruðum vjer þeim með brjefi til yðar, herra Cancelliráð! 22. s. m. á þá leið, að vjer gætum engan veginn fallist á þær, eða álitið, að með þeim uppástúngum, þó þeim yrði framgengt, yrði að neinu verulegu bætt úr þeirri nauðsyn, sem væri á, að fá tíjer annan næturvörð til í bænum; hinsvegar vildum vjer eigi setja oss í móti, að þær væru reyndar, veturinn, sem þá fór í hönd 1858–59, úr því þá væri orðið um seinan að leita samþykkis stjórnarinnar á beiðni vora, fyrir þann veturinn, en vjer áskildum oss rjett til þess, að fylgja eigi að síður uppástúngu vorri fram á sínum tíma.

Vjer finnum því brýnusta nauðsyn til, að setja þetta mál í hreifingu að nýju, og það því fremur, sem ekkert varð úr því næstl. vetur, að fá framgang uppástúngu stiptamtsins um kveldgöngu lögregluþjónanna um bæinn, en hinsvegar er þess að gæta, að hinn áreiðanlegi næturvörður, sem nú er, gamlast og lýjist á frá ári, og verður, ef til vill, þegar minnst varir frá starfa sínum, svo að hinn nýi næturvörður, er væri settur, – og væri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mjög bagalegt, ef svo færi — gæti eigi haft lenda bæn- inga af því, að vera í samvinnu með honum, tyrst um hann, um og var tekið fram í brjefi bæjarfulltrúanna 27. novbr. 1857.

Af framanskrifuðum ástæðum, og með skýrskotun til hinna áminntu brjefa vorra til yðar, herra Cancelliráð! um þetta mál, ítrekum vjer hjer með ^(á) áskorun vora til yðar í brjefinu 7. sept. þ. a., að þjer, sem fyrst framt og þjer sendið öll þessi brjef vor um mál- ið leitið með næstu póstskipsferð sam- þykkis dómsmálaráðherrans til þess, að nýr næturvörður, auk þess, sem nú er, verði settur hjer í bænum frá byrjun næsta árs með 200 ríkisdala laun- um árlega.

Nr 26.

Til Bæjarfógetans (útaf kvörtun ynnir yfir bæjargjaldi) 22 sept. 59

Með heiðruðu brefi ^(um) 27. júni þ. árs, ~~hefir herra bæjar~~ og 30. ágst næst á eptir, hefir herra bæjar fógetinn sent oss til álita ^(eptir k. árs bæjarutsvari) ~~um kvartanir~~ frá 5 bæjar búum nefnilega: frá Snorra Þórðarsyni í Steinsholti 10 júni

| | | |
|---|---|---|
| — | Jóhanni snikkara Jónssyni — | sami 23 — |
| — | Sigurði Gissurarsyni í Hólakoti — | 29 — |
| — | Einari Magnússyni í Skálabæ — | 30 — |
| og | — frá Klaus Jónssyni í Klúðarhúsum | 11 júli |

Vjer höfum yfirvegað og rætt þessar umkvart- anir með oss á fundum, og skýrum nú frá áliti voru um þær ~~þann~~ á þessa leið.

Engir kvarendanna hafa, að voru áliti, fært til nein veruleg rök fyrir umkvörtunum sínum eða neinar þær ástæður er gefi tilefni til að færa ~~bæjar gjald~~ niður bæjargjald ^(sem þeir yfir kvarta) það sem ~~á þá var~~ ~~jafnað við ...~~ ^(og þeir) ~~með~~ jöfnun, úr þeirri upp- hæð sem þá var á lagðir, af þarsem nú þarað auki allar þessar umkvartanir eru upp bornar eptir það niðurjöfnunin fyrir þetta ár var búin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1859

Datum

að leggja álitum til sýnis hinn lögákveðna tíma eptir undangengna auglýsingu, þá finnst ~~oss~~ því lítt ástæða til að ~~gefa~~ veita þessum ~~umkvört~~ ~~unum~~ neina áheyrn með tilliti í þeim á hvorra gjaldið, og verður þetta eins að eiga heima um Johannes, snikkara Jónsson, þó að ~~ess~~ hann ~~be~~ væri ekki ~~utan~~ innan bæjar ~~ávaldum~~ nema það legði niðurjöfn- ~~unin~~ lá til sýnis, því það er kunnugt um efnahag og ástæður þessa manns og arðsama fasta atvinnu hinn síðari hluta fyrra árs og framan af þessu, að honum verður alls eigi, í réttum samanburði við aðra, gjört ofgjöra til svar til allra bæjar- og sveitarþarfa, en hæfir Ordr., enn og honum nú var gjört, auk húsaskattsins. Það hefði má ske mátt virðast hvað helzt ástæða til að lina á einhverju litlu bæjargjald Sigurðar Gissurar- sonar í Hlíðarkoti; ~~af því hann er orðinn~~ hefði umkvörtun hans verið uppborin innan lögákveðins tíma, því að vísu er hann orðinn nokkuð aldurhniginn og óvenja, ~~og~~ og næstliðin vetrarvertíð var hon- um arðlítil; en úr því umkvörtun hans er í ótíma fram komin, og þá þykir réttara að ~~gefa ekki~~ að hafa eigi dregið tillit til þessa við niðurjöfnun, og það því fremur, sem hagur hans sem stendur verður eigi sagður svo bágur, að það verði útsvar sem honum er nú gjört, sé ~~að~~ neinu verulega ofhátt sett.

Þær 5 umkvartanir, er hér ræðir um, endur- sendast.

J. Gudm. Th. Johnsen Jón Þórðarson H. Kr. Fr.

---

## No 27

Til Dómkirkjuprestsins í Rvík 26 oct.

Með heiðruðu brjefi, dagsettu í gær, ásamt 3 fylgiskjölum hafið þjer herra prófastur og dómkirkjuprestur, eptir það Jón skrifari Eyriksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefur afsagt yður skriflega, að hafa annan messu-
þjónsstarfa á hendi en að "svara prestinum",
en ferst undan að veita messusöngnum
forstöðu, og eptir það hjer hafið forgefins
leitað stiptamtsins tilhlutunar, til að for-
söngvari fengist í dómkirkjuna, þangað
til ef orgelið kæmist aptur í gang, snúið
yður til vor undirskrifaðra bæjarstjórn-
enda í Reykjavík og hreppstjóra í Sel-
tjarnarneshreppi sem oddvita Reykjavíkur-
prestakalls sóknarmanna, og óskað þess
af oss og vonað, að fyrir vort tilstilli yrði
einhver samtök gjörð í söfnuðinum
eða ráðstöfun til að afstýra þeim vand-
ræðum, sem gæti hlotist af því horfi,
sem þetta mál (forstöðuleysið fyrir messu-
söngnum) er nú í.

Vjer, sem hjer ritum undir nöfn vor,
höfum átt fund með oss í dag um þetta
mál og rætt það ítarlega, og leyfum oss
nú samkvæmt þeirri niðurstöðu, er vjer
einhuga komumst að, að svara þessu
málefni yðar, háæruverðugi herra, sem
fylgir:

Vjer verðum sem forstöðumenn bygg-
ja sveitanna í Reykjavíkur-sókn, að
færast undan því, að skerast í þetta mál,
af því vjer getum eigi betur sjeð, en að
það sje oss sem sveitarforstjórum óvið-
komandi, og það því fremur sem vjer,
eptir því, sem annarsstaðar hjer á landi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

almennt tíðkast að því oss er kunnugt, verðum að álíta, að sóknarprestinum, hverjum sem er, standi það næst að útsjá og útvega eins forsöngvara eins og t. d. meðhjálpara, og vjer verðum að vona, að yður, herra, sem sóknarpresti þessa safnaðar, vinnist það einnig hjer, þó að það dyljist oss eigi, að eins og nú er komið almennu afskipta- og hluttekningarleysi safnaðarins í messusöngnum, sakir hins um mörg ár undangengna Orgelspils, kunni hjer að verða nokkuð meiri erfiðleikar á þessu, heldur en annarsstaðar er til sveitanna, þykir oss þó á hinn bóginn líkindi til, að nokkuð auðunnara yrði hjer að útvega forsöngvara fyrir það, að báðar sveitirnar hafa lagt fram, og eru fúsar á að halda því áfram framvegis, 20 rdl þóknun árlega fyrir þann starfa. Og þar sem sá, sem svaraði prestinum næst á undan Jóni skrifara Eyrekssyni, gjörði sjer[?] fastframt að veita messusöngnum forstöðu, hvenær sem þess þyrfti við, þá álítum vjer sjálfsagt, að segja nú Jón Eyrekssyni lausan frá þessum starfa, úr því hann færist undan að gegna hvorutveggja, en veita þóknanina þeim manni, er þjer herra getið nú unnið til að vera forsöngvara.

En þó að vjer þannig sem sveitarforstjórar finnum oss skylt að færast undan

| Datum | 1859 |
|---|---|
| | frekari afskiptum af þessu máli, verðum vjer að telja víst, samkvæmt skoðun sjálfra vor sem meðlima safnaðarins á málinu, að hver og einn af meðlimum hans, segi sig fúsan til, að aðstoða yður, herra, sem heiðraðan og afhaldinn sóknarprest vorn, á allan veg til þess, að málefni þessu verði komið í sem bezt horf, og sem fljótast.— Svo fylgiskjölin með yðar heiðraða brjefi, stiptamtsbrjefið og brjef Jóns Eyríkssonar endursendast. |
| | № 28 |
| Til bæjarfógetans 22/11 59 | Út af sorglegu láti kaupmanns og bæjarfulltrúa Þorsteins Jónssonar 20. þ.m., og þar eð hann var jafnframt meðlimur fátækranefndarinnar af hendi bæjarfulltrúanna, fram fór á fundi þeirra í dag, samkvæmt bæjarstjórnar reglug. 18. gr. kosning á einum fulltrúanna, til þess í hans stað að ganga inn í fátækranefndina, en að eins til bráðabyrgða fram yfir næstu árslok, eða þar til kosningar þær, sem þá liggja fyrir á 2 nýjum bæjarfulltrúum verða afgengnar. |
| | Fyrir þessari kosningu varð nú á fundinum kaupmaður og bæjarfulltrúi H. St. Johnsen með 4 atkv. gegn 1 (sjálfs hans), og finn eg mjer skylt, að |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1859

| | Datum |
|---|---|
| stýra herra bæjarfogetanum frá þessari kosningu tafarlaust | |

## № 29

| | |
|---|---|
| Á fundi bæjarfulltrúanna ídag samdist svo, að eg hefði á hendi umsjón með bæjarverkunum til næstu árslokar, hvað eg tjer með tjáe herra bæjarfogetanum. – | Til sama s. d. |

## № 30

| | |
|---|---|
| Af því það leiðir beint af 7. gr. í reglug. 26. nov. 1846, að um byrjun næstu árs verður að kjósa nýjan bæjarfulltrúa úr flokki borgaranna í stað kaupmanns heitins Th. Johnsens, og fyrir þau næstkomandi 4 ár, er hann átti eptir af lögákveðnum tíma, til að hafa þau störf á hendi, þá virtist fulltrúunum rjettast á fundi, er þeir áttu með sjer í dag, að ganga til kosningar á einum úr sínum flokki, samkv. 9. gr. reglug., til þess að vera hinn 3 kjörstjóri við þær kosningar, og var til þess kosinn með atkvæðafjölda skólakennari og bæjarfulltrúi H. Kr. Friðriksson; tel eg ekki við að tilkynna þetta herra bæjarfogetanum. | Til sama 3. des. 59 |

## № 31

| | |
|---|---|
| Eptir þaraðlútandi tilmælum hafa bæjarfulltrúarnir nú selt Guðbrandi Guðnasyni í Brennu vagnhest bæjarins fyrir 16 rdl. Jafnframt og eg skýri | Til bæjargjaldkerans s. d. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Datum | 1859 |
|---|---|
| | yður frá þessu, herra gjaldkeri, svo að þjer getið talið þessa 16 rdl meðal óvissra tekja í reikningi bæjarins fyrir þ. á., skal eg geta þess, að tjeður Guðbrandur tekur þar upphæð undir sjálfum sjer uppí aðgjörð á Bakarastígnum, auk þeirra 70 rdl, sem hann þegar hefur fengið ávísaða í því skyni, svo að útgjöldin til þeirrar aðgjörðar verða þannig samtals 86 rdl. – |
| | № 32. |
| Til bæjarfogetans 3. des. 59 | Með heiðruðu brjefi 28. f. m. hefur herra bæjarfogetinn sent fulltrúunum áætlun frá fátækranefndinni, yfir þau útgjöld, sem ætlað er að þurfi handa þurfamönnum bæjarins við næstk. ár 1860, og segir þar í, að það sje, að frádregnum áætluðum tekjum sjóðsins fyrir hið sama ár, 810 rdl 24 ß. –<br><br>Þegar vjer ræddum þetta mál með oss á fundi í dag, varð oss brátt ljóst, að þessi upphæð, sem þannig ætti að þurfa að taka inn í áætlun yfir bæjarútgjöldin næsta ár til niðurjöfnunar handa snauðum mönnum er sem næst 80 rdl meiri heldur en var 1859. En af því oss eru alveg ókunnug þau atvik, er gjöra nauðsynlegt, að hækka þannig bæjargjöldin til fátækra, þá virtist nauðsynlegt, áður en fulltrúarnir legðu fullt samþykki sitt á, að taka tjeða upphæð til |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

niðurjöfnunar, að leitað væri frá fátækra-
nefndinni allra hjer að lútandi nauð-
synlegra skýrslna og upplýsinga, einkum
um það þrennt:

1a tölu, meðlagsupphæð, aldur og annað
ástand hinna föstu ómaga sveitar-
innar 1860

2o hvað mikið verði afgangs í fátækra-
sjóði í verzlum gjaldkera við hin næstu
árslok

3o Á rökum byggð áætlun um það, hve
mikið mátti telja uppá, að yrði fátækra-
sjóðnum endurgoldið hið næsta ár 1860,
af því fje, sem þaðan hefur verið lagt
fram, bæði þetta ár og næstundanfarin,
til bráðabyrgðar handa utansveitar þurfa-
mönnum o. fl.

Hjer að lútandi skýrslna og upplýsinga
viljum vjer biðja herra bæjarfógetann, að
leita hjá fátækranefndinni og meðdeila
oss, áður en áætlun yfir útgjöld bæjarins
næsta ár verður nú fullgjörð undir árs-
lokin, og að því er áhrærir upplýsingarn-
ar undir tölul. 2. og 3. virtist einkar nauð-
synlegt, eins og nú er komið, að hlutast
verði til um, að fátækrasjóðs reikning-
urinn fyrir þetta nú þegar liðna ár
yrði af hendi dánarbús hins fyrri fá-
tækragjaldkera Th. Johnsens saminn
og fullgjörður að       eða öllu fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Datum | |
|---|---|
| | næstu árslok, og vonum vjer, að herra bæjarfógetinn láti sjer hugarhaldið að taka þetta til greina og gjöra hjer að lútandi nauðsynlegar ráðstafanir. |
| Til bæjarfógetans 14/12 59 | **№ 33**<br>Í heiðruðu brjefi til mín 7. þ. m. hefur herra bæjarfógetinn talið samkvæmt gjörðabókum bæjarstjórnarinnar og ráðherrabrjefi 30. júní 1857, að þar eð fulltrúi tomthúsmannanna Jón Þórðarson sje hinn elsti fulltrúanna, þá muni hann nú eiga að leggja niður fulltrúastarfa sinn um næstu árslok, og að kjósa verði því aptur fulltrúa úr flokki tomthúsmannanna um byrjun ársins, en allt um það falið mjer að bera þetta mál undir álit allra fulltrúanna.<br>Þetta hef eg nú gjört á fundi, er eg kvaddi til í dag, og varð þar sú niðurstaðan, að vjer allir fulltrúarnir urðum samhuga að gjalda jákvæði þessu áliti herra bæjarfógetans; en að því afloknu gjörði eg á fundinum velnefndum J. Þórðarsyni aðvart um, að samkvæmt bæjarst. reglug. 9. gr. yrði hann að vera viðbúinn, að taka þátt í undirbúningi kjörskráar og öðru, er lyti að nýrri kosningu tómthúsmannafulltrúanna, hvenær sem bæjarfógetinn kveddi hann til fundar í því skyni. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur